

**1992 nr. 61 1. júní****Lög um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi**

Tóku gildi 22. júní 1992. Breytt með l. 73/1996 (tóku gildi 19. júní 1996), l. 44/1999 (tóku gildi 1. júlí 1999) og l. 164/2002 (tóku gildi 1. jan. 2003).

- **1. gr.** Óheimilt er að brenna sinu nema á jörðum sem eru í ábúð eða nýttar af ábúendum lögbýla og þá samkvæmt leyfi sýslumanns og að fylgt sé ákvæðum í reglugerð, sbr. 4. gr.
- **2. gr.** Aldrei má brenna sinu þar sem almannahætta stafar af eða tjón getur hlotist af á náttúruminum, fuglalífi, mosa, lyng- eða trjágróðri og mannvirkjum.
- **3. gr.** Ábúendur jarða geta einir fengið leyfi til að brenna sinu á jörðum, sbr. 1. gr., enda sé það gert fyrir 1. maí ár hvert að uppfylltum skilyrðum í reglugerð, sbr. 4. gr. Eftir þann tíma er hvarvetna óheimilt að brenna sinu. Þó getur sýslumaður, að höfðu samráði við umhverfisráðuneytið, ákveðið aðra dagsetningu ef sérstakar veðurfarslegar ástæður gefa til efni til.
- **4. gr.** Í reglugerð,<sup>1)</sup> sem umhverfisráðherra setur að feng-

inni umsögn [Bændasamtaka Íslands]<sup>2)</sup> og [Umhverfisstofnunar],<sup>3)</sup> skal mælt fyrir um hver skilyrði ábúanda, sbr. 3. gr., skuli sett, m.a. um skyldu til að tilkynna hlutaðeigandi slökkviliðsstjóra, eftirlit með brennu og annað sem nauðsynlegt þykir.

<sup>1)</sup> Rg. 157/1993, sbr. 273/1994. <sup>2)</sup> L. 73/1996, 27. gr. <sup>3)</sup> L. 164/2002, 24. gr.

- **5. gr.** Óheimilt er að kveikja eld á víðavangi þar sem almannahætta getur stafað af eða hætt er gróðri, dýralífi eða mannvirkjum.
- Skylt er hverjum þeim sem ferðast um að gæta ýtrustu varkárni í meðferð elds.
- Sá sem verður þess var að eldur er laus á víðavangi skal svo fljótt sem auðið er gera aðvart umráðamanni lands eða hlutaðeigandi yfirvaldi.
- **6. gr.** Sá sem veldur tjóni með sinubrennu eða meðferð elds á víðavangi þannig að saknæmt sé ber fébótaábyrgð á því tjóni sem af hlýst.
- **7. gr.** Með mál út af brotum á lögum þessum eða reglugerð samkvæmt þeim skal farið að hætti opinberra mála.
- **8. gr.** Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum.
- **9. gr.** Lög þessi öðlast gildi þegar í stað . . .